

Ásgeir Sigurgeirsson er nú staddur í Haag í Hollandi en þar fer fram hið árlega Inter-Shoot loftbyssumót. Hann keppir þrjá daga í röð og er fyrsta mótið í dag. Hann keppir kl.11:30 og ef hann kemst í úrslit þá hefjast þau kl. 16:00. Á morgun hefur hann keppni kl.7:00 og úrslit kl.13:45. Á laugardaginn byrjar hann kl.10:15 og úrslit kl.15:30. Hægt er að fylgjast með skorinu live á netinu [hérna](#). Einnig er vefmyndavél í gangi á meðan á móti stendur hérna.